



Minnisblað

Móttakandi: Bæjarráð Vestmannaeyja

Dags.: 15.07.2026

Sendandi: Jón Pétursson framkvæmdastjóri
fjölskyldu- og fræðslusviðs

Málsnr.: 202605162

Efni: Útboð á skólamat

Consensa, fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar óskaði eftir tilboðum í framleiðslu og afhendingu máltíða fyrir stofnanir Vestmannaeyjabæjar skv. skilmálum útboðslýsingar. Um er að ræða framleiðslu og afhendingu máltíða fyrir sex stofnanir sveitarfélagsins; Hamarsskóla, Frístund, Barnaskólann, Kirkjugerði, Víkina og Heimaey. Tilboðsfrestur var til 9. júlí sl.

Eitt tilboð barst en það var frá Einsa Kalda veislupjónustu ehf.

Hljóðaði tilboðið upp á kr. 109.246.500,- sem er 106% af kostnaðaráætlun.

Consensa hefur metið tilboðið gilt.

Til upplýsingar var kostnaður ársins 2025 vegna umræddra stofnana 96,8 milljónir.

Virðingarfyllt

Jón Pétursson sviðsstjóri
fjölskyldu- og fræðslusviðs